

Nd.

121. Nefndarálit

[33. mál]

um frv. til laga um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Kjartan Jóhannsson, hv. þm., skipaði einn minni hluta í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar, þegar þessi mál voru þar til umræðu. Nefndarálit hans var svofellt:

„Umfjöllun nefndarinnar um þetta mál hefur verið nokkuð tímafrek, enda aflað margvíslegra gagna frá Flugleiðum hf. Varla hefur það heldur farið fram hjá neinum, að ýmis misskilningur hefur komið upp við meðferð málsins. Samgönguráðherra hefur a. m. k. einu sinni gefið í skyn, að hann hafi verið plataður, og öðru sinni látið hafa eftir sér, að hann skilji ekki forstjóra Flugleiða hf. Yfirlýsingar ráðherra og formanns fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. um mikla ósamkvæmni í tölulegum gögnum frá Flugleiðum hf. hafa ekki reynst á rökum reistar, heldur misskilningi. Bréfaskriftir ráðherra og Flugleiða hf. hafa á hinn bóginn ekki leitt til neinnar niðurstöðu um það, hvort Flugleiðir hf. hafi í reynd óskað eftir því að halda áfram svonefndu Atlantshafsflugi. Margir hafa orðið til að draga í efa traustleika stjórnar Flugleiða hf.

Við þessar aðstæður er einsýnt að löggjafinn gangi frá málinu á skýran og einhlítan hátt, þannig að ekkert fari á milli mála. Jafnframt verður að gera þá kröfu til Alþingis, að það velji sterkasta form, sem völ er á, varðandi frágang málsins.

Ekki leikur vafi á nauðsyn þess, að greitt verði úr fjárhagslegum örðugleikum Flugleiða hf. til að tryggja samgöngur landsins við umheiminn. Á hinn bóginn hefur verið talið nauðsynlegt að þær ríkisábyrgðir, sem hér um ræðir, yrðu bundnar ákveðnum skilyrðum. Ekki skal gerður ágreiningur um efni skilyrðanna, enda verið leitast við að sætta í þeim mismunandi sjónarmið og boð borist frá samgönguráðherra til nefndarinnar, að hann telji af samtölum sínum við forsvarsmenn Flugleiða hf. að fyrirtækið muni geta fallist á skilyrðin. Minni hluti nefndarinnar gerir hins vegar tillögu um að 5. gr. frumvarpsins feli í sér áðurnefnd skilyrði, en við umræður um málið á Alþingi hafa einmitt komið fram óskir frá mörgum þingmönnum um breytingar á 5. gr. í þessa veru.

Nefndarálit um „framkvæmd“ 5. gr. eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til hefur vitaskuld ekki lagagildi. Meiri hluti nefndarinnar leggur ekki heldur til neinar breytingar á 5. gr., þannig að ríkisstjórnin hefur í raun áfram heimild til að auka við eða draga úr skilyrðum. Í þessu formi afsalar löggjafinn sér valdi sínu á óviðunandi hátt. Valdframsal löggjafans, sem gengur svo langt, er ekki unnt að una við. Álit meiri hluta nefndarinnar um framkvæmd skilyrðanna breytir hér engu um. Af slíkri yfirlýsingu þingnefndar er enginn bundinn, enda hefur hún ekki lagagildi. Hið rúma framsal löggjafans, sem felst í 5. gr. óbreyttri, mundi enn auka á alla óvissu um framkvæmd og er þó ærinn samskiptavandi fyrir. Óþarft er reyndar að minna á afleitt fordæmisgildi vinnubragða löggjafans af því tagi sem meiri hluti nefndarinnar leggur hér til. Ekki verður heldur séð hvaða ástæður geti legið til þess, að Alþingi víki sér undan því að binda í lög þau skilyrði, sem það vill setja.

Sá samskiptavandi, sem uppi er í málinu milli stjórnvalda og Flugleiða, svo og mikilvægi þess að móta trausta stefnu í flugmálum gefur tilefni til þess að huga að framhaldsmeðferð þessa máls og hvernig að þessum málum skuli unnið á næstu misserum. Í þessu sambandi vill minni hluti nefndarinnar vekja athygli á því, að nær öll töluleg gögn málsins hafa borist frá Flugleiðum hf. Ekki hefur farið fram óháð prófun aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar eða markaðs-sviðs flugmála á þessum gögnum. Vegna framtíðarstefnumótunar er vafalaust mjög æskilegt að ríkisstjórnin eigi aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf á þessu sviði. Milliganga slíks aðila milli Flugleiða hf. og ríkisstjórnarinnar ætti líka að eyða mis-skilningi. Á þessum forsendum vill minni hluti nefndarinnar benda á að athugað verði að fá óháðan aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar og markaðsmála í flugsamgöngum til þess að gera úttekt á rekstrarlegri og markaðslegri stöðu Flugleiða hf. Þennan aðila ætti þá að tilnefna í samráði við Flugleiðir hf. og hann ætti að eiga aðgang að rekstrarlegum gögnum hjá fyrirtækinu og fá að fylgjast með rekstrinum eftir því sem ástæða þætti til. Það væri svo hlutverk þessa aðila að gera tillögur um skipulag íslenskra flugmála og vera ríkisstjórn til ráðgjafar um stefnu-mörkun á þessu sviði.

Með sérstakri tilvísun til þess, að Alþingi afgreiði skilyrði þau, sem það vill setja, á skýran og ótvíræðan hátt og víki sér ekki undan því að láta vilja sinn koma fram í lögunum sjálfum, leggur minni hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með viðeigandi breytingum á 5. gr. frv., sem tillaga er flutt um á sérstöku þing-skjali.“

Í neðri deild hefur þingflokkur Alþýðuflokksins áréttað enn sérstöðu sína í þessu máli með því að leggja til að:

- a) allir starfsmenn Flugleiða hf., óháð kaupi, kjörum eða hlutafjareign, hafi jafnan rétt þegar kosið er í stjórn félagsins og megi starfsmenn með þessum hætti tilnefna tvo í stjórn;
- b) aðalfundur verði haldinn fyrir marslok, en ekki febrúarlok eins og meiri hlutinn leggur til. Því valda tæknilegar ástæður, sem Örn Ó. Johnson hefur gert nefndarmönnum grein fyrir.

Alþingi, 15. nóv. 1980.

Vilmundur Gylfason.